140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 1588 — 804. mál.

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ásbjörns Óttarssonar um breytingar á gjaldskrám stofnana ráðuneytisins.

Fyrirspurnin orðast svo:

1. *Hvaða gjaldskrárbreytingar fyrir stofnanir ráðuneytisins hefur ráðherra staðfest á undanförnum 12 mánuðum?*
2. *Hve miklar hækkanir eða lækkanir hafa orðið á gjaldskránum við þessar breytingar?*
3. *Hvaða breytingar á gjaldskrám bíða afgreiðslu í ráðuneytinu?*

Á undanförnum 12 mánuðum hefur ráðherra staðfest gjaldskrárbreytingu fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins. Tímagjald skrifstofufólks og sérfræðinga hækkaði um 11%, gjald fyrir ljósritun hækkaði um 29% og fyrir litprentun um 43%. Fyrri gjaldskrá var frá árinu 2010.

Ráðherra hefur ekki staðfest aðrar gjaldskrárbreytingar hjá stofnunum ráðuneytisins á tímabilinu né bíða fleiri afgreiðslu.